



Viðtakandi: Menningarráð

Reykjavík, 24. júní 2026

MIR26060020

TILLAGA UM VIÐEY SEM ÖFLUGT MENNINGAR- OG ÚTIVISTARSVÆÐI

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar í menningarráði um Viðey sem öflugt menningar- og útivistarsvæði

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar í menningarráði leggja til að fela sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs að kortleggja möguleika tengda því að nýta Viðey í auknu mæli og þá með áherslu á að eyjan verði nýtt sem öflugt menningar- og útivistarsvæði.

Óskað eftir því að sviðsstjóri vinni að umræddri kortlagningu í samvinnu við starfsmenn menningar- og íþróttasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs. Þá verði upplýsinga safnað saman eða eftir atvikum aflað frá öðrum stofnunum/aðilum sem búa yfir nauðsynlegum upplýsingum varðandi Viðey t.d. frá Minjavernd, Náttúruverndarstofnun.

Sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs verði falið að leggja fram skýrslu með helstu niðurstöðum eigi síðar en 30. september nk.

Greinargerð

Tillaga þessi er í samræmi við áherslur meirihlutans um að lyfta sögu Viðeyjar og skilgreina hana sem öflugt menningar- og útivistarsvæði.

Fyrir liggur að til er nokkuð magn af upplýsingum og gögnum er varða Viðey, sögu eyjunnar, minjavernd, útilistaverkum og gildandi skipulag, flóru, fínu o.fl., bæði hjá borginni og ríkisstofnunum. Þá var á síðasta kjörtímabili skipaður sérstakur stýrihópur um framtíðarsýn fyrir Viðey sem skilaði skýrslu og tillögum sínum á fundi menningar- og íþróttaráðs þann 28. nóvember 2025. Að auki eru til eldri skýrslur um Viðey sem unnar hafa verið í gegnum tíðina. Ljóst er að ekki hefur verið unnið markvisst áfram með þær tillögur sem þar komu fram. Að teknu tilliti til framangreinds er talið eðlilegt fyrsta skref ákvörðunartöku í málefnum er varða Viðey, að taka saman fyrirbyggjandi gögn og eftir atvikum afla umsagna í því skyni að fá skýrari mynd af núverandi stöðu og þeim möguleikum sem eru fyrir hendi.



Reykjavík